

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit á tímabilinu 12. desember 2025 til 16. janúar 2026 vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 16. október 2025 vegna stroks á eldissvæðinu Steinanesi í Arnarfirði þann 19. júní 2025.

Samkvæmt tímasettri úrbótaáætlun sem eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun var úrbótum lokið á ein alvarlegu fráviki og einu fráviki. Hvað varðar alvarlegt frávik vegna þjálfunar/þjálfunarskrár er skráð í úrbótaáætlun þá kom fram í úrbótaáætlun eftirlitsþega að búið væri að vinna í uppfærslu og úrbótum hvernig þjálfun starfsmanna skuli háttað en úrbætur væru í stöðugri vinnslu. Í ljósi framangreinds taldi Matvælastofnun tímabært að framkvæma eftirfylgniskoðun.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti vegna eftirfylgni eftirlits. Gögnin bárust 17. desember 2025 og 15. janúar 2025 og voru yfirfarin á skrifstofu. Að loknu eftirfylgni eftirliti er ljóst að eftirlitsþegi hefur lagfært eitt frávik en tvö alvarleg frávik hafa ekki verið lagfærð.

Veittur er frestur til úrbóta til 16. febrúar 2026.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Þjálfunarskrá starfsmanna	16/02/2026
Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Annað	16/02/2026

Viðstödd heimsókn Arnarlax hf.
Kennitala viðtakenda 580310-0600
Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir - Lögfræðingur
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 1 klst.
Frágangur 2 klst.
Tímar við úttekt 1 klst.
Akstur 0 klst.

Frávík skráð í eftirlitsskýrslu dags. 16. október 2025

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir upplýsingum um nöfn áhafna á þjónustubátnum sem voru við vinnu þann 19. júní þegar atvikið átti sér stað. Jafnframt var óskað eftir þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanna sem og upplýsingum um hvenær þeir hófu störf hjá eftirlitsþega. Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsþega voru fjórir aðilar við störf umræddan dag. Matvælastofnun fékk þjálfunarskrár þessara aðila sendar og voru þær yfirfarnar við rannsókn málsins.

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er fjallað um þjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva. Skýrar kröfur eru um þá þjálfun sem starfsfólk ber að hljóta áður en það hefur störf í fiskeldisstöð, sbr. 1. mgr. 50. gr. og viðauka III í fyrrnefndri reglugerð. Þannig þurfa nýir starfsmenn að fá kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, þjálfun í vörnum gegn stroki, viðbrögðum við stroki, meðhöndlun eiturefna, þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti rekstraraðila. Þá þurfa allir starfsmenn fiskeldisstöðva einnig að fá þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja velferð eldisdýra. Við yfirferð þjálfunarskrár þeirra aðila sem voru við störf þann 19. júní er ljóst að enginn af þeim hefur hlotið alla þá þjálfun sem kröfur eru um til starfsmanna sjókvíaeldisstöðva samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þrátt fyrir að hafa starfað hjá rekstrarleyfishafa í langan tíma.

Matvælastofnun telur með vísan til fyrirbyggjandi gagna að þjálfun þeirra starfsmanna sem voru við störf 19. júní 2025 á eldissvæðinu á Steinanesi hafi verið ábótavant og að eftirlitsþegi hafi ekki farið eftir eigin verklagi um þjálfun starfsfólks.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Í eftirfylgni eftirliti var kallað eftir þjálfunarskrá þeirra aðila sem voru í áhöfn á þjónustubátunum þann 19. júní 2025. Ein þjálfunarskrá barst fyrir hvern aðila og voru þær móttæknar af Matvælastofnun þann 15. janúar 2026.

Af þjálfunarskrá starfsmannana er ljós að þeir hafa nú lokið meiri þjálfun en þegar eftirlitið sjálft fór fram en hafa þrátt fyrir það ekki lokið allri þeirri þjálfun sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um sem lágmarksþjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva.

Í ljósi framangreinds telur Matvælastofnun alvarlegt frávík enn vera til staðar.

Veittur er frestur til 16. febrúar 2026 til þess að ljúka úrbótum.

Frávík skráð í eftirlitsskýrslu dags. 16. október 2025:

Við rannsókn málsins óskaði Matvælastofnun eftir sannprófun atviksins á grundvelli viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Eftirlitsþegi kvaðst senda umbeðna sannprófun fyrir 11. júlí. Engin gögn bárust stofnuninni og lýtur Matvælastofnun svo á að atvikið hafi ekki verið sannprófað sem telst alvarlegt frávík í eftirlitsskýrslu þessari.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Í tímasettu úrbótaáætlun eftirlitsþega kemur eftirfarandi fram: "Atvikið ID42074 var sannprófað sjá ID43689. Sannprófunarráð fór yfir skráningu og gerði ekki athugasemdir. Lok úrbóta: 21.07.2025."

Matvælastofnun fór yfir umrætt skjal ID43689 - Skráning á slitnum möskvum & götum m/sannprófun sem ber með sér að vera atvikaskráning en ekki sannprófun. Að yfirferð lokinni er ljóst að umrædd skráning uppfyllir ekki kröfur reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 um sannprófun sem finna má í viðauka III meðal annars hvað varðar sannprófunarhóp, hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið fylgt, úrbótum hafi verið sinnt, yfirferð yfir verklagsreglur og viðbragðsáætlanir o.fl.

Í ljósi framangreinds telur Matvælastofnun sannprófun ekki enn hafa farið fram og alvarlegt frávík enn vera til staðar.

Veittur er frestur til 16. febrúar 2026 til þess að ljúka úrbótum.

Niðurlag

Þann 16/01/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 16/01/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 2 skoðunaratriðum, þar af 2 alvarleg frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Atvikaskráning

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Þjálfunarskrá starfsmanna

Rannsókn á stroki sjókvíaeldi - Annað